

Umsögn til Alþingis um Húsnæðisvanda Listaháskóla Íslands

Varðandi 143. mál (202. þingsályktunartillaga) 146. þings (2016-2017), þingsályktunartillaga um húsnæði Listaháskólans.

Við í Nemendafélagi Tónlistardeildar Listaháskóla Íslands fögnum því að húsnæðismál Listaháskólans séu loksins komin til umræðu á þingi. Líkt og fram kemur í greinargerð þingsályktunartillögunar er húsnæðið ekki hæft til kennslu, kynding er sums staðar engin, mygla í veggjum, skortur á hljóðeinangrun og ekki síst skortur á aðgengi fyrir hreyfihamlaða (sem takmarkar möguleika þeirra á að sækja sér nám á háskólastigi).

Frá upphafi hefur staðið til að sameina deildir skólans enda mun dýrara að reka deildirnar í sitthvoru lagi, oft í rándýru leiguhúsnæði. Kostnaðurinn hefur gert það að verkum að skólinn rekur ekki lengur mötuneyti og bókasöfn eru ekki lengur í hverri deild. Hjá okkur í tónlistardeild fer megin hluti kennslunnar fram á 3.hæð byggingarinnar á Sölvhólsgötu. Ekkert aðgengi er í húsinu. Aðalinngagnurinn leiðir inn á stigagang og ef þú getur ekki gegnið stiga kemst þú ekkert. Inngangur í kjallararnum (inn af Skúlagötu) þar er matsalur og rými fyrir sviðslistanema. Við í tónlistardeild erum með nemanda sem getur ekki gegnið stiga vegna veikinda, þess vegna eru allir áfangar sem hún sækir færðir í húsin sem standa hérna fyrir utan bygginguna, þar með er búið að taka frá aðstöðu sem er ætlað fyrir eitthvað sérstakt undir kennslustundir sem ættu að fara fram í fræðistofum á 3.hæð. Sem dæmi langar mig að nefna að það er kennsla í stærsta sal Listaháskólans fyrir 6 nemendur. Við ættum með réttu að vera í minnstu fræðistofunni okkar en vegna aðgengis tókum við stærsta sal skólans undir okkur.

Nemendur þar kvarta mikið undan höfuðverk, ógleði, þunglyndi og fæðuóþoli sem bendir til eitrunar af völdum myglusvepps. Sem fulltrúar nemenda við þennan skóla getum við ekki annað en lýst yfir miklum áhyggjum vegna þessa. Nemendur eru farnir að forðast að koma í skólann og farnir að leita annað eftir æfingarymum til að forðast aðstæðuna sem við erum komin í.

Þingsályktun þessi leggur til að menntamálaráðherra taki ákvörðun um framtíðarstaðsetningu Listaháskólans. Við þurfum að fá hana svo skólinn verði ekki áfram í þessu ævarandi óvissuástandi, við þurfum að geta skipulagt til framtíðar, en málið varðar auðvitað líka framtíðarásjónu Reykjavíkur. Nú er tíminn. Sameining LHÍ á einum reit myndi losa um mikið af plássi annars staðar fyrir borg í hröðum vexti.

Við styðjum því eindregið afgreiðslu þessarar þingsályktunartillögu.

Fyrir hönd Nemendafélags Tónlistardeildar Listaháskóla Íslands

Sandra Rún Jónsdóttir

Formaður Nemendaráðs LHÍ
& Nemendafélags Tónlistardeildar LHÍ